

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Stjórnarfundur – fundargerð

Dagsetning: 26. júlí 2021 milli kl. 18.30 – 19.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 og fjarfundur um Zoom.

Mætt voru: Á fundarstað: Friðrik Rafnsson, Valva Árnadóttir, Harpa Björnsdóttir, Jakob S. Jónsson; á fjarfundi: Guðný Margrét Emilsdóttir, Snorri Steinn Sigurðsson, Sigrún Pálsdóttir

Forföll: Hjörtur Howser

1.	Fundur settur	Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá fundarins.		
2.	Fundargerð síðasta fundar	Vegna ágreinings um orðalag liðar 5. í fundargerðinni frá 12. Júlí var ákveðið að ritari og formaður legðu á næsta stjórnarfundum fram tillögu um nýtt orðalag þannig að unnt væri að samþykkja fundargerðina og setja hana í gerðarbók.	Á	Jakob, Friðrik
3.	Fundargerð auka-aðalfundar	Nokkur atriði í fundargerð aukaaðalfundar 8. júní sl. höfðu misritast í fundargerð. Ritari tekur saman þau atriði sem leiðrétt þarf og formaður kemur þeim til fundarritara aukaaðalfundar og æskir leiðréttingar; eftir það getur stjórn samþykkt fundargerðina og sett hana í gerðarbók.	Á	Jakob, Friðrik
4.	Tilnefning í starfshóp um endurskoðun laga félagsins.	Stjórn ber skv. ákvörðun aðalfundar að tilnefna tvo menn í nefnd til endurskoðunar laga félagsins. Vegna þessa liðar lagði ritari fram eftirfarandi bókun: <i>Lög félagsins eru eins konar stjórnarskrá þess. Þau ber að umgangast af virðingu og varúð. Lög félaga almennt eiga að lýsa tvennu: A. Því sem á að gera og B. Hvernig á að gera það. Ekkert af þessu tvennu má stangast á við hagsmuni félagsmanna.</i> <i>Leiðsögumenn eru yfirleitt (vonandi) góðir leiðsögumenn. Það er ekki sjálfgefið að þeir séu endilega þar með góðir lagasmiðir, þótt þeir geti að sjálfsgöðu verið það. Ég tel rétt að leitað sé að góðum lagasmiðum frekar en góðum leiðsögu-</i>	Á	Stjórn. Málið tekið til næsta fundar.

	<p>Frh.: Tilnefning í starfshóp um endurskoðun laga félagsins.</p>	<p><i>mönnum til að sitja í starfshópi um endurskoðun laga. Hér er bæði kallað eftir þekkingu og reynslu.</i></p> <p><i>Ég tek undir viðhorf Snorra, sem fram hefur komið í tölvupósti hans til annarra stjórnarmanna, að það sé góður kostur - jafnvel mjög góður kostur - að leita að lagasmíðum utan raða okkar stjórnar og okkar félagsmanna. En það er ein ákvörðun, sem stjórn verður að taka og það er hvers eðlis lögin eiga að vera. Laganefnd verður að fá verkefni sitt skilgreint - fá erindisbréf, ef svo má að orði komast.</i></p> <p><i>Ég legg því til að stjórn byrji á því að semja erindisbréf áður en hún skipar fulltrúa í laganefnd. (Þetta þýðir ekki að stjórn verði að bíða með að skipa sína fulltrúa í starfshópinn. Hún getur ákveðið hvaða einstaklingar skuli skipaðir, en þeir fá ekki skipunarbréf sín fyrr en stjórn hefur samþykkt erindisbréf starfshópsins og það má vel semja og samþykkja með tölvupóstum, ef stjórn svo ákveður). Ég tel rétt að í erindisbréfi laganefndar verði amk. eitt ákveðið: að stjórn - og jafnvel trúnaðarráð - fari yfir tillögur nefndarinnar og gefi álit sitt á þeim áður en þær verða lagðar fyrir aukaáðalfund í haust. Ég tel einnig rétt - vegna væringa sem hafa verið innan félagsins, oft af litlum ástæðum og yfirleitt án þess að gefin væru upp rök - að stjórn ákveði fyrirfram að engin tillaga til lagabreytinga verði lögð fyrir aðalfund nema stjórn sé einhuga sammála um þá tillögu.</i></p> <p><i>Þetta atriði tel ég mikilvægt til að stjórn sýni einhug og samstöðu. Ég minni á, að starfshópi um endurskoðun laga er að sjálfsgöðu ekki bara heimilt að leita sér ráðgjafar meðan hann vinnur að verkefni sínu - það er beinlínis skylda hans að gera það.</i></p> <p><i>Í umræðum um tilnefningu í laganefnd gerði formaður að tillögu sinni að í grundvallaratriðum yrði farið eftir þeim hugmyndum sem fram koma í ofanritaðri bókun. Var sú tillaga einróma samþykkt og jafnframt lögð áhersla á mikilvægi þess að lögfræðingar ASÍ væru hafðir til ráðgjafar nefndinni.</i></p>		
5.	<p>Ágalli á undirbúningi auka-aðalfundar</p>	<p>Harpa Björnsdóttir vék af fundi undir þessum lið, þar sem vikið er að henni í ábendingu á galla á framkvæmd aðalfundar og kosningu til trúnaðarstarfa í félaginu.</p>	Á	Friðrik.

	Frh.: Ágalli á undirbúningi auka-aðalfundar	<p>Sú ábending barst stjórn frá félagsmanni Sigurði Albert Ármannssyni og mun einnig hafa verið send ASÍ.</p> <p>Bent var á að slíkar ábendingar og umkvartanir frá félagsmönnum þurfi að taka af alvöru og um þær fjalla af virðingu og varúð. Var tekið undir það.</p> <p>Farið var yfir efnisatriði málsins og er stjórn þeirrar skoðunar að aukaaðalfundur hafi verið bæði rétt boðaður (samkvæmt ákvörðun aðalfundar) og að breyting á meðferð kjörskrár hafi verið óhjákvæmileg einskiptisákvörðun sem stjórn hafi séð sig knúna til að taka vegna COVID-19 og enda gerð í samráði við lögfræðing ASÍ.</p> <p>Ákveðið að formaður skrifi Sigurði Albert bréf þar sem sjónarmið stjórnar komi fram.</p>		
6.	Innleiðing innri vefs	<p>Formaður hefur átt fund með Aroni hjá Filmís, sem er að vinna að uppsetningu innri vefs („mínar síður“) og reiknivél fyrir útreikning verktakagreiðslna.</p> <p>Reiknivélin er á lokametrum og verður innan skamms send stjórn til athugunar og athugasemda; hins vegar var talið rétt að hægja aðeins á gerð innra vefs og bíða niðurstaðna ferðamála- og menntamálaráðuneytis um tillögur starfshóps, ef ske kynni að eitthvað í þeim niðurstöðum hefði áhrif á gerð „minna síðna“, t.d. með tilliti til sameiginlegrar leiðsögumannaskrár.</p> <p>Þá hefur Filmís skapað verkfæri til að gera skoðana-kannanir og unnt verður að tengja það vef félagsins og kanna þannig viðhorf félagsmanna til hinna ýmsu hluta sem varða starf leiðsögumanns og unnt er að hafa á ýmsar skoðanir.</p>	U	Friðrik, stjórn
		<p>Þegar hér var komið sögu gerðist sá sviplegi atburður að fjarfundarsamband rofnaði og hurfu þannig af fundi þau Guðný Margrét, Snorri Steinn og Sigrún.</p> <p>Ástæðan var misskilningur sem varðaði áskrift félagsins að Zoom-þjónustunni og tókst ekki að koma á sambandi að nýju þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.</p> <p>Formaður hefur lýst yfir ábyrgð sinni á þessum misskilningi og mun þetta ekki gerast aftur.</p>		

		Ákveðið var að ljúka fundi þrátt fyrir þetta áfall, enda næstu dagskrárliðir mest til upplýsingar.		
7.	Atvinnuleyfi til erlendra leiðsögumanna	Þessum lið var vísað í heilu lagi til kjaranefndar til umfjöllunar og tillögugerðar varðandi verklag og ferli slíkra umsókna. Bent var á brýna nauðsyn þess að verklag og ferli varðandi umsóknir um atvinnuleyfi erlendra leiðsögumanna verði einfalt, lipurt, fljótlegt og fagmannlegt.	Á	Kjara- nefnd
8.	Samningur við bókara	Friðrik greindi frá því að búið er að ganga frá samningi við bókara félagsins og verður hann undirritaður innan skamms.	U	Friðrik
9.	Leigusamningur um skrifstofu	Friðrik rifjaði upp að nokkur vafaatriði stæðu eftir varðandi leigusamning félagsins um húsnæðið að Stórhöfða 29 og einstaka skilmála þess samnings. Ákveðið var að formaður ræði við húseiganda og gangi frá þeim atriðum, enda samningurinn í grundvallaratriðum frágenginn.	Á	Friðrik
10.	Bréf til fyrirtækja	Varaformaður hefur lagt fram tillögu um að leitað verði afsláttarkjara hjá fyrirtækjum fyrir félagsmenn. Hann og formaður vinna að þessu máli.	U	Snorri Steinn, Friðrik
11.	Önnur mál	A) Snorri Steinn hefur viðrað þá hugmynd að félagið standi að gerð „flyers“ þar sem kynnt er hlutverk félagsins, minnt á baráttu þess fyrir bættum kjörum og leiðsögumenn hvattir til að ganga í félagið. Samþykkt að vinna áfram að því máli og er það í umsjá Snorra Steins og Friðriks. B) Pétur Gunnarsson hefur komið að máli við einn stjórnarmanna og hvetur til að stjórn taki til máls vegna umræðu í fjölmiðlum um viðbrögð við COVID-19. Friðrik mun skrifa grein til birtingar í fjölmiðlum. C) Torfi Ásgeirsson, félagsmaður, hefur komið að máli við stjórnarmann og hvetur stjórn til að taka á píratastarfsemi og félagslegum undirboðum, sem hann kvað bera mikið á um þessar mundir. Mikilvægt að viðreisn ferðapjónustu byggi ekki á ráðningu ódýrra og ómenntaðra leiðsögumanna. Tekið var undir sjónarmið Torfa og mun stjórn og kjaranefnd vinna að málinu.	Á Á U	Snorri Steinn, Friðrik Friðrik Stjórn, kjara- nefnd

12.	Fundi slitið	Fleira gerðist ekki og sleit formaður þar með fundi. Næsti fundur verður boðaður með fundarboði.		
-----	--------------	---	--	--

Við lyklaborðið:

Fundargerð staðfest

Jakob S. Jónsson

Ritari

Friðrik Rafnsson

Formaður